

Úttekt á leikskólanum Sólborg 2011

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið



Árný Elíasdóttir og Kristín Björk Jóhannsdóttir

ATTENTUS
mannauður & ráðgjöf

Efnisyfirlit

Heildarmat	5
Formáli	7
1. Inngangur.....	8
1.1. Gagnaöflun.....	8
2. Leikskólinn	9
2.1. Áherslur og stefna leikskólans	9
2.2. Rekstur og stjórnun.....	9
2.3. Starfsandi og skólabragur.....	10
2.4. Starfsáætlun.....	10
2.5. Skólaþróun	11
2.6. Lög og reglugerðir	11
2.7. Húsnæði og aðbúnaður	11
2.8. Mat úttektaraðila.....	13
3. Skólanámskrá leikskóla.....	14
3.1. Skólanámskrá Leikskólans Sólborgar og tengsl við aðalnámskrá	14
3.2. Tengsl skólanámskrár skólustefnu sveitarfélags	14
3.3. Áhersla á tiltekna þætti	14
3.4. Hugmyndafræði.....	14
3.5. Sérstakar námskrár og sérstaða skólans	15
3.6. Þátttaka og áhrif.....	15
3.7. Tengsl skólastiga	16
3.8. Mat úttektaraðila.....	17
4. Náms svið og námsþættir aðalnámskrár	17
4.1. Hreyfing	18
4.2. Málrækt	18
4.3. Myndsköpun.....	19
4.4. Tónlist	19
4.5. Náttúra og umhverfi.....	19
4.6. Menning og samfélag.....	20
4.7. Mat úttektaraðila.....	20
5. Dagskipulag og innra starf á leikskólanum	21
5.1. Uppeldi og menntun– dagskipulag á leikskólanum.....	21
5.2. Hópatímar.....	21
5.3. Leikurinn.....	22
5.4. Leikefni og efniviður	22
5.5. Mat úttektaraðila.....	22

6.	Innra mat.....	23
6.1.	Mat úttektaraðila.....	23
7.	Mannauður.....	24
7.1	Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun.....	24
7.2.	Verkaskipting og starfslýsingar.....	24
7.3.	Starfsþjálfun og símenntun	24
7.4.	Fundir og boðskipti.....	25
7.5.	Jafnrétti	25
7.6.	Mat úttektaraðila.....	25
8.	Börnin.....	26
8.1	Líðan	26
8.2	Lýðræði	27
8.3	Mat úttektaraðila.....	27
9.	Foreldrar	27
9.1	Foreldraráð	27
9.2	Foreldrafélag	28
9.3	Lýðræði og þátttaka	28
9.4	Samskipti heimilis og leikskólans	28
9.5	Mat úttektaraðila.....	29
10.	Sérkennsla barna og sérfræðipjónusta sveitarfélagsins	29
10.1.	Samstarf við heilsugæslu og sérfræðipjónusta sveitarfélagsins	30
10.2.	Mat úttektaraðila.....	30
11.	Mat og eftirlit sveitarfélagsins	31
11.1	Mat úttektaraðila.....	31
12.	Niðurstöður höfunda.....	32
12.1.	Styrkleikar og veikleikar, ógnanir og tækifæri.....	32
12.2.	Tillögur til úrbóta.....	33
13.	Heimildaskrá	34
	Fylgiskjal 1	35
	Fylgiskjal 2	36
	Fylgiskjal 3	36

Heildarmat

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á leikskólanum Sólborg í Sandgerði. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Í úttektinni er lagt mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins auk þess sem gerð er grein fyrir því hvernig innra mat skólans og ytra mat og eftirlit sveitarfélagsins nýtist leikskólanum. Áherslur og óskir sveitarfélagsins um úttektina voru að meta áhrif tengingar leikskólans við grunnskóla Sandgerðisbæjar.

Úttektin leiðir í ljós að faglegt starf fer fram í leikskólanum. Markmið og stefna leikskólans eru skýr og í góðu samræmi við aðalnámskrá leikskóla. Allir starfsmenn virðast meðvitaðir um stefnuna og telja að verið sé vinna eftir henni. Stjórnendur hafa sterka sýn, fjárhagslegur rekstur skólans er góður, ánægja virðist ríkja með stjórnunina meðal starfsmanna og starfsandi er góður en fremur lítil samvinna er á milli deilda.

Skólanámskrá er metnaðarfull og vel gerð en endurskoða þarf hana út frá nýjum lögum. Allir starfsmenn hafa tekið þátt í gerð námskrárinnar en auka ætti aðkomu foreldra. Formlegt samstarf er á milli leikskólans og grunnskólans. Starfið er markvisst og faglegt og almenn ánægja virðist ríkja um það. Skólinn tekur auk þess þátt í þróunarverkefni um *Uppeldi til ábyrgðar* með grunnskólanum. Könnunaraðferðin er notuð til að tengja öll námssvið aðalnámskrár og hefur náðst góð samvinna við nærsamfélag og foreldra um ýmis viðfangsefni aðferðarinnar og mikil ánægja með þau meðal foreldra og barna. Samstarf við tónlistarskóla og stuðningur sveitarfélagsins við það verkefni hefur haft mjög jákvæð áhrif á innra starf leikskólans en vegna niðurskurðar verður dregið úr þeim stuðningi. Börnunum virðist líða vel og mikil ánægja kom fram hjá þeim með könnunaraðferðina sem virðist, m.a. í vali viðfangsefnanna, ýta undir lýðræðislega þátttöku þeirra í skólastarfinu. Almennt er ánægja með sérfræðipjónustu sveitarfélagsins en oft tekur of langan tíma að fá greiningu fyrir börnin.

Húsnæði skólans er rúmgott og vel búið húsbúnaði og tækjum. Starfslýsingar eru fyrir flest störf, ítarleg starfsmannahandbók er til í leikskólanum og starfsmannasamtöl fara fram árlega. Formlegt ferli er til um móttöku og þjálfun nýrra starfsmanna en starfsmannavelta hefur verið lítil. Símenntunaráætlun tekur mið af þróunar- og samstarfsverkefnum en er ekki nægilega sniðin að þörfum hvers og eins starfsmanns. Hlutfall leikskólakennara í Sólborg er talsvert undir því hlutfalli sem er á Suðurnesjum. Gengið hefur erfiðlega að virkja foreldra til samstarfs við leikskólann. Foreldraráð er starfandi en hefur hingað til ekki komið að innri málum skólans. Innra mat skólans uppfyllir að hluta viðmið laga en viðhorf foreldra og

starfsfólks til stjórnunar og stjórnenda er ekki nægilega kannað svo og líðan nemenda og sjálfsmatsskýrsla liggur ekki fyrir. Ytra mat sveitarfélagsins er óverulegt.

Megin styrkleikar Sólborgar eru skýr stefna og sýn, faglegir leiðtogar, gott samstarf við grunnskólann, útfærsla könnunaraðferðar og mjög vel búið húsnæði. Veikleikar eru þeir helstir að hlutfall leikskólakennara er mjög lágt og lítil samvinna virðist vera á milli deilda og samstarf foreldra og skólans hefur fram að þessu verið lítið.

Helstu aðgerðir til úrbóta eru að leitað verði allra leiða til að fjölga leikskólakennurum í Sólborg, að skólinn, foreldrafélagið/foreldraráðið og sveitarfélagið haldi áfram aðgerðum í þá veru að auka ábyrgð og þátttöku foreldra í menntun barna sinna, skólanámskrá Sólborgar verði endurskoðuð út frá nýjum lögum um leikskóla og nýrri aðalnámskrá og tryggja þarf að greiningar nemenda með sérþarfir taki ekki of langan tíma. Í innra mati þurfa kannanir, sem gerðar eru meðal starfsmanna og foreldra, að taka á öllum þáttum leikskólastarfsins, líðan barna verði metin og sjálfsmatsskýrsla verði gerð. Byggja þarf upp ytra mat og eftirlit sveitarfélagsins og efla þarf fræðsluráð enn frekar með fræðslu og aðhaldi sveitarfélagsins.

Formáli

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á leikskólanum Sólborg. Úttektin er unnin á vegum Attentus – mannauður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Höfundar skýrslunnar eru Árný Elíasdóttir og Kristín Björk Jóhannsdóttir.

Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki, börnum, foreldrum, fulltrúum úr fræðsluráði, sveitarstjóra og skóla- íþróttá- og menningarfulltrúa aðstoðina við gagnaöflun og samstarf á meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 15. júní 2011.

Árný Elíasdóttir, Kristín Björk Jóhannsdóttir

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á leikskólanum Sólborg í Sandgerði. Úttektin er gerð á grundvelli 20. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og samkvæmt þriggja ára áætlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úttektir á leikskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Í úttektinni er lagt mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins auk þess sem gerð er grein fyrir því hvernig innra mat skólans og ytra mat og eftirlit sveitarfélagsins nýtist leikskólanum.¹ Áherslur og óskir sveitarfélagsins um úttektina eru að meta áhrif tengingar leikskólans við grunnskóla Sandgerðisbæjar.²

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Attentus – mannauði og ráðgjöf að gera úttektina. Höfundar skýrslunnar eru Árný Elíasdóttir og Kristín Björk Jóhannsdóttir. Í henni er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum við úttektina. Síðan er gerð grein fyrir leikskólanum Sólborg í Sandgerði, niðurstöðum úttektarinnar og styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum skólans. Að lokum eru tillögur til úrbóta og fylgiskjöl.

1.1. Gagnaöflun

Tekin voru viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Þá var rætt við starfsmenn, spjallað við hóp nemenda á elstu deild skólans og fundað með rýnihópi foreldra á Sólborg svo og bæjarstjóra, skóla-, íþrótt- og menningarfulltrúa sveitarfélagsins og formann fræðsluráðs og fulltrúa úr ráðinu.

Markmiðið með viðtölum og rýnihópum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila á starfi leikskólans og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beindist að. Auk ofangreindra viðtala, rýnihópa, funda og vettvangsskoðunar byggir úttektin á lögum og reglugerðum um leikskóla, skólanámskrá leikskólans auk gagna um starfsemi hans (sjá nánar í heimildaskrá).

¹ Erindisbréf til úttektaraðila 8.02.2011.

² Umsókn frá Sandgerðisbæ um úttekt á leikskóla 16.09.10.

2. Leikskólinn

Leikskólinn Sólborg er fimm deilda leikskóli í Sandgerði. Kópadeild sækja börn frá átján mánaða til tveggja ára, á Skeljadeild eru börn sem eru tveggja til þriggja ára, á Höfrungadeild börn frá þriggja til fjögurra ára, á Kuðungadeild börn á aldrinum fjögurra til fimm ára og á Fiskadeild dvelja fimm til sex ára börn. Í leikskólanum eru 123 börn og starfsmenn eru 33.

Leikskólastarf í Sandgerði á rætur sínar að rekja til ársins 1960 þegar kvenfélagskonur settu fram hugmynd um að byggt væri hús sem samnýta mætti sem leikskóla og félagsaðstöðu fyrir bæjarbúa. Miðneshreppur lét byggja húsið og fyrstu árin var þar rekinn gæsluvöllur og síðan einnar deildar leikskóli og sáu félagskonur um reksturinn. Nýr leikskóli var byggður árið 1984 og hófst þá leikskólastarf á vegum sveitarfélagins.

2.1. Áherslur og stefna leikskólans

Leikskólastarf byggir á lögum um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla og á þeim grunni hefur leikskólinn Sólborg sett sér sín eigin markmið (sjá fylgiskjal 1) og leiðir sem unnið er eftir. Hugmyndafræði leikskólans byggir á uppeldisstefnunni *Uppeldi til ábyrgðar* og er áhersla lögð á uppbyggingu sjálfsaga og sjálfstjórnar og sjálfstraust barnanna. Lögð er áhersla á að leikskólinn sé öruggur, hlýlegur og skemmtilegur vinnustaður fyrir börnin. Unnið er eftir könnunaraðferðinni í hópastarfi með eldri börnunum og könnunarleiknum með yngri börnunum. Einkunnarorð skólans eru: virðing, gleði og umhyggja.³

2.2. Rekstur og stjórnun

*Við leikskóla skal vera leikskólastjóri sem stjórnar starfi hans í umboði rekstraraðila. Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli... Leikskólastjóri gerir rekstraraðila og bæjarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu.*⁴

Sandgerðisbær ber ábyrgð á starfsemi leikskólans lögum samkvæmt⁵ og rekur hann. Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri mynda stjórnunarteymi skólans og er verkaskipting þeirra skýr að mati stjórnendanna. Leikskólastjóri stjórnar og sér um samskipti við bæjarstjórn en aðstoðarleikskólastjóri hefur m.a. umsjón með innleiðingu á *Uppeldi til ábyrgðar*. Deildarstjórar sjá um daglega stjórnun deilda.⁶ Leiðbeinendur leikskólans sögðu að stjórnun skólans væri mjög góð og öll skilaboð mjög skýr. Stjórnun deildanna væri einnig góð og deildarstjórar sæju til þess að unnið væri eftir dagskipulagi og að „allir gerðu sitt.“

³ Námskrá Sólborgar.

⁴ Lög um leikskóla, nr. 90/2008, 5. gr.

⁵ Lög um leikskóla 90/2008, 5. gr.

⁶ Viðtöl við leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra, 18. mars 2011.

Stjórnendur leikskólans hefðu mjög skýra sýn fyrir leikskólastarfið.⁷ Í mati á starfinu, sem gert er meðal starfsmanna í lok hvers skólaárs, er ekki sérstaklega spurt um stjórnun.⁸

Foreldrar, sem rætt var við, sögðu samskipti foreldra og leikskóla í flestum tilfellum góð.⁹ Í foreldrakönnun árið 2010 er ekki spurt beint um stjórnun en um 90% foreldra segja upplýsingastreymi og samvinnu frekar og mjög góða.¹⁰ Í viðtali við formann fræðsluráðs kom fram að hann teldi að stjórnendur sinntu vel hlutverki sínu og skyldum gagnvart sveitarfélaginu.¹¹ Verklagsreglur um starfsemi leikskólans eru í starfsmannahandbók Sólborgar svo og starfslýsingar fyrir stjórnendur, deildarstjóra og leiðbeinendur.¹² Ársskýrslur og ársáætlanir eru gerðar. Ársáætlun er til fyrir skólaárið 2010-2011 og hefur hún verið samþykkt í bæjarstjórn.¹³

2.3. Starfsandi og skólabragur

Starfsandinn er að mati skólastjórnenda mjög góður en þeir sögðu að niðurskurður hefði haft áhrif á hann. Óánægja væri með skerðingu funda til undirbúnings og faglegrar vinnu og launaskerðingu vegna minni yfirvinnu.¹⁴ Deildarstjórar sögðu að starfsandinn hefði verið erfiður á þessu skólaári og væri það meðal annars vegna þess að starfsmann hefði vantað í eldhús og mikið hefði verið um veikindi meðal starfsmanna.¹⁵ Starfsandinn er að mati leiðbeinanda góður inni á deildum en þeir sögðu að lítil samskipti og samvinna væri á milli deilda. Fram kom að unnið væri að því að bæta þetta með því að starfsmenn færu á milli deilda og tækju þátt í starfinu á öllum deildum leikskólans, hver og einn starfsmaður einn dag í senn. Ákvörðun um þetta fyrirkomulag var tekin á starfsmannafundi sem leið til að auka samstarf og samvinnu á milli starfsmanna.¹⁶

Í árlegu mati, þar sem skólastjórnendur leggja opnar spurningar fyrir starfsmenn, er spurt um samstarfið á deildinni, í leikskólanum og samskipti við annað starfsfólk. Vorið 2010 kom fram í samantekt úr matinu að samstarf og samvinna hefði almennt gengið vel.¹⁷

2.4. Starfsáætlun

Ársáætlun Sólborgar fyrir skólaárið 2010 – 2011 liggur fyrir. Í henni er að finna upplýsingar um leikskólastarfið og sérstakar áherslur, upptakur, hefðir og hátíðir, þróunar- og

⁷ Viðtal við leiðbeinendur, 17. mars 2011.

⁸ Mat á starfinu eftir veturinn 2009 – 2010.

⁹ Rýnihópur foreldra 17. mars 2011.

¹⁰ Foreldrakönnun 2009.

¹¹ Viðtal við formann fræðsluráðs og fulltrúa og fræðsluráði 17. mars 2011.

¹² Starfsmannahandbók Sólborgar.

¹³ Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra, 16. mars 2011.

¹⁴ Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra, 16. mars 2011.

¹⁵ Viðtal við deildarstjóra, 16. mars 2011.

¹⁶ Viðtal við leiðbeinendur, 17. mars 2011.

¹⁷ Mat á starfinu eftir veturinn 2009 – 2010.

nýbreytnistarf, sérkennslu, símenntun o.fl.¹⁸ Fræðsluráð hefur rýnt áætlunina en ekki foreldraráð.¹⁹

2.5. Skólaþróun

Leikskólinn fæst við nokkur þróunar- og nýbreytniverkefni.²⁰ Unnið er með könnunaraðferðina á Fiska- og Kuðungadeild. Aðferðin felst m.a. í því að virkja áhuga barnanna í verkefnavinnu. Fundið er efni, sem hver hópur hefur áhuga á, og það krufið til mergjar. Að því loknu er frekari fróðleiks leitað á allan mögulegan máta. Börnin stjórna ferðinni undir leiðsögn hópstjórans. Verkefnin geta staðið yfir frá nokkrum dögum upp í vikur eða mánuði. Á yngri deildunum, Höfrungadeild, Skeljadeild og Kópadeild er unnið með könnunarleikinn. Þar leika börnin með verðlaust efni af ýmsum toga án afskipta kennara en kennarinn fylgist með og skráir, leiðbeinir og aðstoðar. Áfram verður unnið að samvinnu á milli skólastiga (sjá kafla 3.7 *Tengsl skólastiga*) og haldið áfram að innleiða hugmyndafræðina *Uppeldi til ábyrgðar-uppbygging sjálfsaga* í samvinnu við grunnskólann.²¹ (Sjá kafla 3.4. *Hugmyndafræði*). Að sögn stjórnenda, starfsmanna og foreldra hefur vinnan við ofangreind verkefni gengið vel.²²

2.6. Lög og reglugerðir

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og er það eina breytingin sem orðið hefur í starfsemi hans með tilkomu laga um leikskóla nr.90/2008. Að sögn stjórnenda hafa löggin ekki haft í för með sér aukinn kostnað í leikskólanum.²³

2.7. Húsnæði og aðbúnaður

Samkvæmt lögum um leikskóla skal búa börnum hollt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði. Stuðla skal að heilbrigðum lífsháttum, hollustu og góðum matarvenjum... Vernda skal heilsu barna og temja því hreinlæti... Umhverfið er stundum kallað þriðji uppalandinn í leikskóla, næst barnahópnum og leikskólakennara... Við mat á skólastarfi er eftirfarandi atriði athuguð varðandi húsnæði, þ.e. aðstaða og öryggi barna og aðstaða og öryggi starfsfólks²⁴

2.7.1. Leikskólinn

Húsnæði leikskólans er 863,3 m², þar af er leikrými 413,7 m² Skýrsluhöfundar skoðuðu húsnæði og umhverfi í heimsóknum sínum á vettvangi, einnig var stuðst við ýmis gögn. Húsnæðið er mjög rúmgott og vel búið af húsgögnum og leikefni. Húsgögn hafa verið endurnýjuð á undanförunum árum og virðast henta mjög vel aldri þeirra barna sem nota þau og nýta. Leikefni er þannig fyrir komið að auðvelt er fyrir börnin að sækja það sjálf og ganga frá eftir sig. Fjölnota salur er í leikskólanum sem nýttur er til hreyfi- og tónlistarstunda og á matartímum.

¹⁸ Ársáætlun Sólborgar 2010- 2011.

¹⁹ Lög um leikskóla 90/2008, 14. gr.

²⁰ Ársáætlun Sólborgar, 2010-2011.

²¹ Ársáætlun Sólborgar, 2010-2011.

²² Fundir með stjórnendum, starfsmönnum og foreldrum 16. og 17.mars 2011.

²³ Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra, 16. mars 2011.

²⁴ Aðalnámskrá leikskóla 1999.

Undirbúningsherbergi starfsmanna er vel tækjum búíð og þar er einnig fundaraðstaða. Skrifstofa leik- og aðstoðarleikskólastjóra er rúmgóð og í leikskólanum er sérkennsluherbergi sem einnig er notað fyrir foreldraviðtöl. Elsta deild leikskólans er í eldra einbýlishúsi á næstu lóð við leikskólann. Það húsnæði er einnig rúmgott og vel búíð leikefni og húsbúnaði. Stjórnendur segja að húsnæðið sé mjög gott en að elsti hlutinn sé orðinn gamall en þar hafi verið gerðar breytingar í gegnum tíðina. Aðspurðir um hvernig væri að hafa eina deild leikskólans í annarri byggingu sögðu stjórnendur það ganga vel.²⁵ Deildarstjórar og leiðbeinendur töldu húsnæðið gott en bæta mætti starfsmannaaðstöðu, t.d. vantaði geymslu fyrir fatnað.²⁶

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja dags. 19.11. 2009. Þar segir að vinnuaðstæður uppfylli ákvæði laga og reglna og ráðstafanir til að tryggja þær gangi „í ýmsum tilvikum lengra en lágmarkskröfur sem lög og reglur kveða á um.“²⁷ Í eftirlitsskýrslum árið 2010 er gerðar nokkrar athugasemdir, m.a. er farið fram á að eftirlit með hitastigi á heitum mat sé aukið og að ekki skuli nota handklæði við handlaugar.²⁸ Haldnar hafa verið brunaæfingar með starfsfólki leikskólans, viðbragðsáætlun eldvarna liggur fyrir og öryggisfyrirtæki fer reglulega yfir brunavarnir og slökkvibúnað leikskólans.²⁹

2.7.2. Umhverfi leikskólans og útileiksvæði

Við vettvangsathugun kom í ljós að útisvæði er rúmgott og er hluti þess afmarkaður fyrir yngstu börnin. Einnig er afgirt svæði fyrir vagna þeirra barna sem sofa úti þannig að þau verða ekki fyrir truflun þó önnur börn séu í útiveru á sama tíma. Stjórnendur lýstu ánægju sinni með að sérstakt leiksvæði væri fyrir yngstu börnin á útisvæði því þá væri auðveldara að gæta öryggis þeirra í útiveru. Þeir sögðu að nánasta umhverfi leikskólans væri notað til útiveru og kostur væri hversu stutt væri í náttúruna, móann og fjöruna.³⁰ Deildarstjórar tóku undir þetta, leiksvæðið umhverfis leikskólann væri gott en athuga mætti með rennibrautina.³¹ Leiðbeinendur voru á því að hólarnir í garðinum væru til vandræða og vegna þeirra safnaðist fyrir vatn á útisvæði sem gæti gert það að verkum að ekki væri hægt að nota útisvæðið til útiveru.³² Í eftirlitsskýrslu Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja frá því í ágúst 2010 eru gerðar athugasemdir um tvö atriði, þ.e. að boltar standi út úr róm á girðingu við hlið og drengöt vanti á aðra dekkjaróluna.³³

²⁵ Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra, 16. mars 2011.

²⁶ Viðtöl við deildarstjóra og leiðbeinendur 16. mars 2011.

²⁷ Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja 19. nóvember 2009.

²⁸ Eftirlitsskýrslur Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja 30. ágúst 2010 og 25. nóvember 2010.

²⁹ Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra, 16. mars 2011.

³⁰ Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra, 16. mars 2011.

³¹ Viðtala við deildarstjóra, 16. mars 2011.

³² Viðtal við leiðbeinendur, 17. mars 2011.

³³ Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja 30. ágúst 2010

2.8. Mat úttektaraðila

- Markmið og stefna leikskólans eru skýr og í góðu samræmi við aðalnámskrá leikskóla. Allir starfsmenn virðast meðvitaðir um stefnuna og telja að verið sé vinna eftir henni.
- Starfsmenn virðast ánægðir með stjórnun skólans, stjórnendur hafa sterka sýn, verkaskipting er skýr og starfslýsingar eru fyrir flest störf. Hins vegar hefur ekki verið lagt sérstakt mat á stjórnun og stjórnendur meðal starfsmanna og mikilvægt að svo verði.
- Foreldrar, sem rætt var við, virtust yfirleitt ánægðir með stjórnun skólans. Í viðhorfskönnun, sem gerð er annað hvert ár meðal foreldra, er ekki spurt sérstaklega um stjórnun sem er mikilvægt að verði gert. Í könnun árið 2009 segjast foreldrar ánægðir með upplýsingamiðlun leikskólans og samstarfið við hann.
- Starfsandi er góður samkvæmt viðtölum við starfsmenn og stjórnendur sem staðfestist í mati sem gert var vorið 2010.
- Skólinn tekur þátt í tveimur þróunarverkefnum með grunnskólanum, *Uppeldi til ábyrgðar* og tengsl skólastiga sem er afar jákvætt til að tryggja velferð barnsins og aðlögun þess í grunnskóla sbr. lög um leikskóla. Innleiðing *Uppeldis til ábyrgðar* hefur gengið mjög vel. Að mati úttektaraðila er það mikill styrkur við innleiðingu stefnunnar að allir starfsmenn hafa fengið þar reglulega þjálfun og foreldrum verið kynnt efnið og að stefnan sé um leið innleidd í sveitarfélaginu. Tækifæri skólans er að bæta enn frekar fræðslu til foreldra og samvinnu við grenndarsamfélagið
- Starfsáætlun er ítarleg og aðgengileg á heimasíðu skólans. Foreldraráð hefur ekki rýnt áætlunina og en það stendur til bóta.
- Fjárhagslegur rekstur skólans er góður og leikskólastjóri stendur skil á umbeðnum gögnum til sveitarfélagsins.
- Húsnæði barnanna er rúmgott og vel búið bæði hvað varðar húsbúnað og leikefni og uppfyllir ákvæði laga um vinnuaðstæður.
- Nálægð við óspillta náttúru í kringum leikskólann býður upp á margvísleg tækifæri í leik og starfi.
- Öryggi barnanna á leiksvæðinu er vel tryggt.

3. Skólanámskrá leikskóla

Í hverjum leikskóla skal gefa út skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum.³⁴

3.1. Skólanámskrá Leikskólans Sólborgar og tengsl við aðalnámskrá

Skólanámskrá Sólborgar á rætur að rekja til ársins 2004. Hún er endurskoðuð á hverju ári og var síðast yfirfarin í febrúar 2010 en ekki sérstaklega út frá nýjum lögum um leikskóla.³⁵ Þar er fjallað um forsendur starfsins og stefnu skólans, tilgreint er og því lýst hvað fer fram í tengslum við námsviðin; hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi og menning og samfélag. Fjallað er um daglegt líf í leikskólanum, samstarf við heimilin, stjórnun og stjórnunarhætti, þróunarverkefni og mat á leikskólastarfi. Markmið og leiðir eru tilgreind. Auk þess er þar að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar.³⁶

3.2. Tengsl skólanámskrár skólustefnu sveitarfélags

Sveitarfélög ábyrgð á starfsemi leikskóla og eiga sveitarfélög að bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leikskólum sveitarfélags og setja almenna stefnu um leikskólahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess.³⁷

Sandgerðisbær er ekki með skólustefnu en samkvæmt fulltrúum sveitarfélagsins sem rætt var við, er hafin vinna við stefnumótunina og stefnt að því að skipa hóp í samfélaginu til þeirrar vinnu.³⁸

3.3. Áhersla á tiltekna þætti

Í skólanámskrá segir að leikskólinn leggi áherslu á að vera öruggur, hlýlegur og skemmtilegur vinnustaður fyrir börnin. Lögð er áhersla á frjálsa leikinn og reynt er að gefa honum góðan tíma. Unnið er eftir könnunaraðferðinni í hópastarfi með eldri börnunum en á yngri deildunum er unnið með könnunarleikinn og „Ég sjálfur og umhverfi mitt”.³⁹

3.4. Hugmyndafræði

Eins og fram hefur komið byggir hugmyndafræði Sólborgar á agastefnunni *Uppeldi til ábyrgðar, uppbygging sjálfsaga*. Byrjað var að innleiða stefnuna árið 2008. Stefnan miðar að því að ýta undir ábyrga hegðun og sjálfstjórn og þjálfva einstaklinga í að ræða um tilfinningar og átta sig á þörfum sínum. Vinnuaðferðunum er einnig ætlað að styðja starfsmenn skóla við að móta sér skýra stefnu varðandi samskipti og agamál. Samstarf er á milli leik- og gunnskóla í tengslum við innleiðingu á stefnunni og hefur verið farið í sameiginlegar námsferðir m.a. til Boston og Minneapolis. Innleiðingin innan leikskólans fer

³⁴ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

³⁵ Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra, 16.mars 2011.

³⁶ Námskrá Sólborgar.

³⁷ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

³⁸ Viðtal við formann fræðsluráðs og fulltrúa í ráðinu 17. mars 2011.

³⁹ Námskrá Sólborgar.

m.a. fram á skipulagsdögum, starfsmannafundum og á deildarfundum. Stefnan var kynnt fyrir foreldrum á foreldrafundi haustið 2008.⁴⁰

Sveitarfélagið hefur lagt áherslu á *Uppeldi til ábyrgðar*. Sandgerðisbær hefur sett inn í samninga við knattspyrnufélag, golffélag og björgunarsveitir ákvæði um innleiðingu *Uppeldis til ábyrgðar* og að starfsmenn þeirra fái þjálfun og noti hugmyndafræðina í störfum sínum. Sama gildir um starfsfólk sundlaugar.⁴¹

Deildarstjórar sögðu að innleiðingin gengi hægt en að aðferðin hefði breytt vinnuaðferðum starfsmanna gagnvart börnunum. Þau lærðu nú að leysa sjálf úr ágreiningi. Einnig töldu þeir að aðferðin hefði breytt samskiptum á milli starfsmanna á jákvæðan hátt. Aðferðin væri þægileg og heilmikið hefði áunnist með henni.⁴² Leiðbeinendur sögðu að uppeldisstefnan *Uppeldi til ábyrgðar* væri frábær stefna og „margt væri flott í henni.“ Þeir sögðu, að það að vera með ákveðna stefnu, væri jákvætt því þá væru allir að vinna eftir sömu stefnunni og það skapaði grundvöll fyrir umræðu um starfið. Það viðhorf kom fram í hópnum að stefnan hentaði ekki mjög ungum börnum.⁴³ Stjórnendur sögðu stefnuna ekki síður snúast um starfsfólkið og viðbrögð þess við aðstæðum og leiðbeiningu til barnanna. Þeim finnst því mikilvægt að stefnan sé innleidd á öllum aldurstigum. Þótt bein innlögn henti ekki fyrir yngstu börnin sé mikilvægt að þau þekki viðbrögðin og orðræðuna.⁴⁴

3.5. Sérstakar námskrár og sérstaða skólans

Námskrár geta verið mismunandi eftir því hvort gera á grein fyrir starfinu í heild eða einstökum þáttum þess. Leikskóli getur því einnig sett sér námskrár sem fjalla um afmarkaða þætti í leikskólastarfinu og skal kynna þær á sama hátt og skólanámskrána.⁴⁵

Námskrá er fyrir hverja deild leikskólans og taka námskrárnar mið af aldri og þroska barnanna. Í þeim koma fram markmið og leiðir námsviða og þættir tengdir daglegum venjum. Á yngstu deildunum er fjallað um markmið og leiðir könnunarleiksins og á eldri deildum könnunaraðferðarinnar.⁴⁶ Deildarstjórar töldu að með tilkomu deildarnámskráa hefði orðið einfaldara að vinna samkvæmt stefnu leikskólans auk þess sem það væri betra fyrir foreldrana.⁴⁷

3.6. Þátttaka og áhrif

Til að ná sem bestum árangri skal allt starfsfólk leikskóla taka þátt í gerð skólanámskrár á grundvelli starfsreynslu, lífsviðhorfa og faglegrar þekkingar.⁴⁸

⁴⁰ Viðtöl við leik- og aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra og starfsmenn 16. mars 2011. Námskrá Sólborgar.

⁴¹ Viðtal við sveitarstjóra, formann fræðsluráðs og skóla-, íþrótt- og menningarfulltrúa 19. maí 2011

⁴² Viðtal við deildarstjóra, 16. mars 2011.

⁴³ Viðtal við leiðbeinendur, 17. mars 2011.

⁴⁴ Upplýsingar frá leikskólastjóra júní 2011.

⁴⁵ Aðalnámskrá leikskóla 1999:37.

⁴⁶ Námskrár deilda.

⁴⁷ Viðtal við deildarstjóra, 16. mars 2011.

⁴⁸ Aðalnámskrá leikskóla 1999:36.

Allir starfsmenn hafa komið að endurskoðun námskrárinnar í hópavinnu á starfsmannafundum.⁴⁹ Deildarstjórar sögðu að unnið væri eftir námskrám leikskólans en sögðu að markmiðin í þeim mætti tengja betur við einkunnarorð leikskólans sem eru: virðing, gleði og umhyggja.⁵⁰ Foreldaráðið hefur ekki komið að endurskoðun námskrárinnar né hefur það rýnt hana eða gefið umsögn.⁵¹

3.7. Tengsl skólastiga

Mikilvægt er að samstarf sé á milli leikskóla og grunnskóla til að stuðla að samfellu í uppeldi og menntun barnsins og að það upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum. Sérstaklega er mælt með því að skólastjórar leikskóla og grunnskóla hafi með sér samvinnu og skipuleggi samstarf milli skólastiganna og taki ábyrgð á samstarfinu.⁵²

Í skólanámskrá skal gera grein fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og hvernig skuli standa að færslu og aðlögun barna milli skólastiga.⁵³

Formlegt samstarf er á milli leik- og grunnskóla Sandgerðisbæjar, *Brúum bilið* og koma markmið þess og leiðir fram í bæklingnum *Samstarf leik- og grunnskóla Sandgerðisbæjar* sem er að finna á heimasíðu leikskólans. Markmiðin eru m.a. að skapa samfellu á milli skólastiga með hagsmuni og vellíðan barnsins að leiðarljósi. Leiðirnar, sem samstarfið byggir á, eru að kennarar beggja skólastiga nýti og noti þekkingu hvors skólastigs fyrir sig í tengslum við uppeldi og menntun barnanna. Samstarfið byggir á samskiptum á milli kennara á báðum skólastigum og gagnkvæmum heimsóknum barnanna.⁵⁴

Deildarstjórar sögðu að báðir aðilar hefðu komið að því að setja samstarfinu markmið og leiðir. Að þeirra sögn gengur samstarfið mjög vel. Þeir nefndu að það sem hefði verið vandamál í samstarfinu væru tíð skipti kennara sem kenndu í 1. bekk grunnskólans. Samstarfið er skipulagt og endurskoðað á hausti og vori af leikskólastjóra, deildarstjóra á deild elstu barnanna, deildarstjóra yngra stigs grunnskólans og grunnskólakennara sem tekur við hópnum úr leikskólanum. Börnunum er skipt í tvo hópa og fer hver hópur hálfsmánaðarlega í grunnskólann og helmingur 1. bekkjar kemur í leikskólann. Börnin úr leikskólanum fara í skipulagða tíma í ensku, stærðfræði, tölvum og náttúrufræði í grunnskólanum og börnin úr grunnskólanum taka þátt í valttíma í leikskólanum.⁵⁵ Leiðbeinendur töldu að samstarfið gengi mjög vel og það væri góður undirbúningur fyrir börnin.⁵⁶

⁴⁹ Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra, 16. mars 2011.

⁵⁰ Viðtal við deildarstjóra, 16. mars 2011.

⁵¹ Viðtal við foreldra, 17. mars 2011.

⁵² Aðalnámskrá leikskóla 1999:33.

⁵³ Lög nr. 90/2008 um leikskóla, 16. gr.

⁵⁴ Samstarf leik- og grunnskóla Sandgerðisbæjar.

⁵⁵ Viðtal við deildarstjóra, 17. mars 2011.

⁵⁶ Viðtal við leiðbeinendur, 18. mars 2011.

Foreldrar, sem rætt var við, sögðu að gott væri að hafa samstarf á milli leik- og grunnskóla fyrir börnin því að þá þekktu þau starfsfólk grunnskólans og væru öruggari þegar grunnskólagangan byrjaði.⁵⁷ Í viðtali við börnin kom fram að þau færu í íþróttir í grunnskólanum og tækju alltaf þátt í þemadögum. Eitt barnið sagði að þau væru að læra um Bandaríkin í grunnskólanum. Annað barn sagði að það mætti leika upp á hól í frímínútum í grunnskólanum en maður þyrfti að passa að fara strax inn þegar þær væru búnar. Þegar þau voru spurð hvernig þeim líkaði það að vera í grunnskólanum kom fram að skemmtilegra væri í valinu í leikskólanum.⁵⁸

3.8. Mat úttektaraðila

- Skólanámskrá er metnaðarfull og vel gerð, þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum.⁵⁹
- Skólanámskrá Sólborgar var endurskoðuð 2010 en ekki sérstaklega út frá nýjum lögum um leikskóla sem er mikilvægt að gert verði.
- Allir starfsmenn hafa tekið þátt í endurskoðun námskrárinnar en auka ætti aðkomu foreldraráðs í vinnu við endurskoðun námskrárinnar sbr. lög um leikskóla. Ekki er að mati úttektaraðila nóg að þessir aðilar komi einungis að því að lesa yfir drög heldur ættu fleiri að koma að vinnunni sjálfri.
- Formlegt samstarf á milli skólastiga er til fyrirmyndar og virðist almenn ánægja ríkja um það. Ítarlegur og faglegur bæklingur liggur fyrir um samstarf leik- og grunnskóla.

4. Námssvið og námsþættir aðalnámskrár

*Námssvið leikskóla eru áhersluþættir í leikskólauppeldi. Þau eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag.*⁶⁰

Í námskrá Sólborgar er komið inn á öll námssvið aðalnámskrár, markmið þeirra og leiðir. Hér verður fjallað um námssviðin út frá námskrá Sólborgar en eins og áður hefur komið fram eru einnig til námskrár fyrir allar deildir leikskólans. Þegar fjallað er um námssviðin í skólanámskrá er vitnað í aðalnámskrá leikskóla og síðan eru tilgreind markmið Sólborgar sem lögð eru til grundvallar í starfinu tengdum námssviðunum og leiðum leikskólans.⁶¹

⁵⁷ Viðtal við foreldra, 18. mars 2011.

⁵⁸ Viðtal við börn í Sólborg, 18. mars 2011.

⁵⁹ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 14.gr.

⁶⁰ Aðalnámskrá leikskóla 1999.:19.

⁶¹ Námskrá Sólborgar.

4.1. Hreyfing

*Í leikskóla ber því að leggja áherslu á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi.*⁶²

Skv. námskrá skal vera dagleg útivera þar sem börnin eru hvött til hreyfingar og fara skal í gönguferðir í hópatímum og í útiveru. Allar deildir hafa aðgang að sal þar sem fara á í skipulagða hreyfileiki. Í söngstundum á að leggja áherslu á tónlist með hreyfingu.⁶³ Stjórnendur sögðu að öll börn fari í svo kallaðar ævintýrastundir einu sinni í viku og sér einn starfsmaður um þær stundir þar sem lögð er áhersla m.a. á dans og leiki. Elstu börnin fara í íþróttasal gunnskólans í hverri viku og börn á næst elstu deild fara í skipulagða hreyfistund aðra hvora viku inni á deildinni. Haldinn er íþróttadagur einu sinni á ári og eru þá öll börnin saman í hreyfingu.⁶⁴ Börnin sögðu að gaman væri í ævintýrastundunum⁶⁵ en fram kom að vegna breytinga í starfsmannahaldi muni sá starfsmaður, sem séð hefur um stundirnar, starfa inni á deild og verði því hætt með ævintýrastundirnar.⁶⁶

Foreldrar, sem rætt var við, töluðu um að samræma þyrfti útiveru deilda og sögðu að börnin á yngstu deildinni mættu fara oftár út.⁶⁷ Föst útivera er samkvæmt stundaskráum tveggja af fjórum deildum leikskólans frá 11:30-12:00 en á öðrum deildum er gefinn kostur á frjálsum vali og útiveru. Leiðbeinendur sögðu að ekki færu öll börn út daglega. Það væri vegna veðurs eða annars skipulags s.s. hópastarfs eða samvinnu leik- og grunnskóla.⁶⁸

4.2. Málrækt

*...því ber að leggja áherslu á málrækt: í samtölum, með krefjandi spurningum, með því að lesa fyrir barnið, segja því sögur og kenna því kvæði og þulur. Einnig skal hvetja barn til að spyrja, segja frá og hlusta með athygli.*⁶⁹

Málörvun skal skv. námskrá fléttast inn í allar stundir dagskipulagsins þar sem sagðar eru sögur, lesnar bækur, kenndar þulur og vísur, ásamt öðrum verkefnum tengdum málörvun. Einnig segir í námskrá að lögð sé áhersla á að börnin tjái sig í barnahópnum og að þau hlusti hvert á annað.⁷⁰ Stjórnendur sögðu að sérstaklega væri hugað að málörvun fyrir börn af erlendum uppruna og fer hún fram í sérkennsluherbergi þar sem börnin eru tvö til þrjú saman ásamt öðrum börnum í leikskólanum sem þurfa sérstakan stuðning. Við markvissa málörvun inni á deildum er stuðst við bókina *Markviss málörvun: þjálfun hljóðkerfisvitundar*. Hljóm próf eru gerð að hausti á elstu börnunum og aftur að vori. Í tengslum við málrækt er haldið upp á *Dag íslenskrar tungu*, bókadagur er þar sem börnin koma með bækur að heiman, farið er í heimsókn á bókasafnið og krakkar úr grunnskólanum koma og lesa fyrir

⁶² Aðalnámskrá leikskóla 1999.

⁶³ Námskrá Sólborgar.

⁶⁴ Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólalastjóra, 16. mars 2011.

⁶⁵ Viðtal við börnin, 17. mars 2011.

⁶⁶ Viðtal við leiðbeinendur, 18. mars 2011.

⁶⁷ Viðtal við foreldra, 18. mars 2011.

⁶⁸ Viðtal við leiðbeinendur, 18. mars 2011.

⁶⁹ Aðalnámskrá leikskóla 1999:20.

⁷⁰ Námskrá Sólborgar.

börnin í leikskólanum.⁷¹ Deildarstjórar sögðu að fimm ára börnin færu þrisvar sinnum í viku í stundir tengdar markvissri málörvun og fjögurra ára börn tvisvar sinnum.⁷²

4.3. Myndsköpun

Leikskóla ber að sjá börnum fyrir fjölbreyttum efnivið til myndsköpunar og leiðbeina og örva til sjálfstæðra verka.⁷³

Börnin hafa tækifæri til að stunda myndsköpun á hverjum degi auk þess sem hópastarfið er vettvangur myndsköpunar í litlum hópum með starfsmanni. Fjölbreyttur efniviður er til staðar til myndsköpunar og aðstaða fyrir listsköpun á hverri deild.⁷⁴ Deildarstjórar sögðu að myndsköpun fari að mestu fram í tengslum við könnunaraðferðina og að aðferðin hefði eflt myndsköpun í leikskólanum.⁷⁵ Þá stendur leikskólinn fyrir myndlistarsýningum á Sandgerðisdögum. Á vorin er opið hús þar sem afrakstur myndsköpunar vetrarins er sýndur.⁷⁶

4.4. Tónlist

Leggja ber áherslu á að öll börn í leikskóla fái ríkuleg tækifæri til að njóta tónlistar og iðka hana.⁷⁷

Lögð er áhersla á markvissa tónlistarkennslu sem er aldurstengd. Í námskrá segir að öll börnin í leikskólanum skulu fara í tónlistartíma einu sinni í viku.⁷⁸ Eins og fram hefur komið hefur verið samstarf á milli leik- og tónlistarskólans og hafa elstu börnin lært á blokkflautu í tónlistarskólanum og tónlistarkennari komið í leikskólann og verið með tónlistartíma fyrir yngri börnin einu sinni í viku. Nú hefur verið dregið úr þessu samstarfi vegna niðurskurðar og mun tónlistarkennari hætta að koma í leikskólann.⁷⁹ Deildarstjórar töldu að faglegur ávinningur hefði verið af samstarfinu. Það hefði það leitt til aukinnar faglegrar þekkingar starfsmanna í tónlist og fjölbreyttara tónlistarstarfs í leikskólanum.⁸⁰

4.5. Náttúra og umhverfi

Barn þarf að kynnast fjölbreytileika náttúrunnar, komast í lifandi tengsl við hana og njóta hennar....Í leikskóla ber að fræða börn um náttúruna, umhverfið og verndun þess. ...Einnig er ákjósanlegt að skapa tækifæri og aðstöðu í leikskóla til tilrauna og athugana barna.⁸¹

Vettvangsferðir skulu farnar, m.a. í fjöru og berjamó, til að vekja áhuga barnanna á umhverfi sínu og kenna þeim að bera virðingu fyrir umhverfi sínu.⁸² Yfir sumartímamann fara elstu börnin tvisvar í viku í vettvangsferðir. Í tengslum við umhverfið er lögð áhersla á að kenna

⁷¹ Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra, 17. mars 2011.

⁷² Viðtal við deildarstjóra, 17. mars 2011.

⁷³ Aðalnámskrá leikskóla 1999:45.

⁷⁴ Námskrá Sólborgar.

⁷⁵ Viðtal við deildarstjóra, 17. mars 2011.

⁷⁶ Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra, 17. mars 2011.

⁷⁷ Aðalnámskrá leikskóla 1999:24

⁷⁸ Námskrá Sólborgar.

⁷⁹ Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra, 17. mars 2011.

⁸⁰ Viðtal við deildastjóra, 17. mars 2011.

⁸¹ Aðalnámskrá leikskóla 1999:26 27.

⁸² Námskrá Sólborgar.

börnunum að huga að gróðri, tína rusl og safna verðlausu efni sem notað er til myndsköpunar.⁸³

4.6. Menning og samfélag

*Leikskóla ber að nýta þau menningarlegu og félagslegu tækifæri sem umhverfi hans og staðsetning gefur kost á... Ýmsa atburði líðandi stundar ber að taka til umfjöllunar á leikskólum með ýmsum hætti...Leikskólanum ber að rækta virðingu barnanna fyrir öðrum, hver sem uppruni þeirra, lífsviðhorf, tunga og trúarbrögð er... Barn í leikskóla þarf að kynnst tölvu og læra að nota hana á sinn hátt... Tölvur skulu því vera til í leikskólum...*⁸⁴

Í námskrá segir að umhverfið sé nýtt til að styrkja tengsl og skilning barnanna á samfélagi sínu og menningu þess, m.a. með gönguferðum um bæinn.⁸⁵ Haldið er í íslensku hefðirnar um hátíðir. Í tengslum við ýmis verkefni og könnunaraðferðina er farið í heimsóknir á vinnustaði foreldra og í fyrirtæki í bæjarfélaginu. Starfsmenn, stjórnendur og foreldrar sögðu að allir væru mjög jákvæðir gagnvart heimsóknunum. Í tengslum við hefðir og hátíðir tengdar uppruna barna af erlendu bergi brotin er haldið upp á *Evrópska tungumáladaginn*, pólsk tónlist er til í leikskólanum og fáanar þeirra landa sem börnin eiga rætur að rekja til eru þar á sýnilegum stað.⁸⁶

Í aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á að tölvur skuli vera í leikskólum.⁸⁷ Ekkert er fjallað um tölvur í námskrá en í bækling um samstarf leikskóla og grunnskóla segir í kaflanum *Tölvur* að áhersla sé á samstarf barna í tölvuvinnu, þau þiggi ráðleggingar og hjálpi félögum sínum og deili reynslu með þeim.⁸⁸ Á elstu deildunum eru tvær tölvur og tvær tölvur eru samnýttar í vali og hópavinnu fyrir tvær yngri deildir.⁸⁹

4.7. Mat úttektaraðila

- Skv. skólanámskrá uppfyllir leikskólinn kröfur aðalnámskrár 1999 um áherslupætti námsviða í leikskólauppeldi. Almennt virðist sem starfsmenn vinni eftir námskránni.
- Góð aðstaða er til myndsköpunar í leikskólanum og til staðar er fjölbreyttur efniviður til listsköpunar.
- Samstarf við tónlistarskóla og stuðningur sveitarfélagsins við það verkefni hefur haft mjög jákvæð áhrif á innra starf leikskólans. Því er miður að nú skuli draga úr þeim stuðningi.

⁸³ Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra, 17. mars 2011.

⁸⁴ Aðalnámskrá leikskóla 1999: 27-29.

⁸⁵ Námskrá Sólborgar.

⁸⁶ Viðtal við stjórnendur og starfsfólk 17. og 19. mars 2011.

⁸⁷ Aðalnámskrá leikskóla 1999.

⁸⁸ Námskrá Sólborgar.

⁸⁹ Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra, 17. mars 2010. Vettvangsskoðun úttektaraðila 17.maí 2011.

- Athyglisvert er að könnunaraðferðin virðist vera notuð til að tengja öll námssvið aðalnámskrár. Þá hefur náðst góð samvinna við nærsamfélag og foreldra um ýmis viðfangsefni könnunaraðferðarinnar og mikil ánægja með þau meðal foreldra, starfsmanna og barna.

5. Dagskipulag og innra starf á leikskólanum

Í dagskipulagi leikskólastarfs þarf að ríkja jafnvægi á milli mismunandi þátta, á milli frjálsra og skipulagðra leikja, innileikja og útileikja, á milli félagslegra samskipta og einstaklingsverkefna og á milli hvíldar og þátttöku í leik og starfi. Skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefa leikskólastarfinu festu og tryggja hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.⁹⁰

5.1. Uppeldi og menntun– dagskipulag á leikskólanum

Dagskipulagið á Sólborg er byggt upp á þremur meginþáttum:

- Leik barnanna
- Skipulögðu hópstarfi undir leiðsögn starfsfólks
- Útivist ýmist undir eftirliti eða beinni leiðsögn⁹¹

Samkvæmt stjórnendum leikskólans er sama megin dagskipulagið fyrir allar deildir (sjá fylgiskjal 2). Í námskrá Sólborgar koma fram markmið og leiðir í tengslum við daglegar venjur, s.s. máltíðir, hreinlæti, hvíld, matartíma, fataklefa, samverustund, val, o.fl.⁹² Hver deild útfærir svo frekar dagskipulag leikskólans eftir aldri og aðstæðum barnanna.⁹³

5.2. Hópatímar

Barn þarf að læra að leika sér og starfa í hópi sem það tilheyrir. Í hópleikjum öðlast barn skilning á gildi samvinnu og þroskar með sér samkennd og ábyrgðartilfinningu.⁹⁴

Hópatímar eru aldursskiptir og eru þeir tvisvar í viku hjá yngri deildum en þrisvar í viku hjá þeim eldri. Á eldri deildum er unnið eftir könnunaraðferðinni en á yngri deildunum með könnunarleikinn einu sinni í viku og einu sinni í viku er unnið með þemað „Ég sjálfur og umhverfið mitt”.⁹⁵ Að sögn stjórnenda og starfsmanna hefur vinna með könnunaraðferðina og könnunarleikinn gengið mjög vel.⁹⁶ Börnin lýstu yfir mikilli ánægju með könnunaraðferðina og sögðust m.a. vera búin að læra allt um hvali og álfa.⁹⁷ Foreldrar sögðu að könnunaraðferðin væri góð og að börnin töluðu mikið um hana heima.⁹⁸ Deildarstjórar sögðu að könnunaraðferðin og -leikurinn hefðu aukið hugmyndaauði barnanna og að þau kæmu

⁹⁰ Aðalnámskrá leikskóla 1999:17.

⁹¹ Ársskýrsla 2009 – 2010. Sólborg.

⁹² Námskrá Sólborgar.

⁹³ Heimasíða Sólborgar.

⁹⁴ Aðalnámskrá leikskóla 1999:14.

⁹⁵ Námskrá Sólborgar.

⁹⁶ Viðtöl við stjórnendur og starfsfólks 17. og 19. mars 2011.

⁹⁷ Viðtöl við börn á Sólborg. 18. mars 2011.

⁹⁸ Viðtöl við foreldra, 18. mars 2011.

með frábærar hugmyndir varðandi efni sem kannað er í samvinnu kennara og barna. Skráning er gerð í tengslum við könnunaraðferðina og -leikinn.⁹⁹

5.3. Leikurinn

*Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barns.*¹⁰⁰

Í dagskipulagi er gert ráð fyrir frjálsum leik í valtíma og þá velja börnin ákveðin svæði og eru sömu svæði ávallt í boði.¹⁰¹ Í deildarnámskrá Fiskadeildar eru valsvæðin tilgreind og þar eru þau: Púsl, perlur og spil, tölva, heimiliskrókur, leir, einingakubbar, kubbar (ýmsar gerðir), dúkkuhús og listastofa.¹⁰² Um leikinn sögðu stjórnendur að lögð væri áhersla á opinn efnivið eins og kubba og leir.¹⁰³ Deildarstjórar sögðu að í frjálsa leiknum væri lögð áhersla á samskipti og að börnin lærðu að deila með sér og taka tillit til annarra. Einnig sögðu þeir að börnunum væri leyft að njóta sín á eigin forsendum.¹⁰⁴

5.4. Leikefni og efniviður

*Börn þurfa vandaðan og fjölbreyttan leikfangakost og margvíslegan efnivið til skapandi starfa.*¹⁰⁵

Við vettvangsathugun og í viðtölum við stjórnendur og starfsmenn kom í ljós að leikskólinn er vel búinn leikföngum og fjölbreyttum efniviði til skapandi starfa. Þrjár deildir leikskólans hafa vel útbúna listastofur.¹⁰⁶

5.5. Mat úttektaraðila.

- Allir þættir starfsins koma fram í dagskipulagi og er það lýsandi fyrir starfsemi leikskólans. Skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefa starfinu festu og tryggja hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs sbr. aðalnámskrá.¹⁰⁷
- Gott samræmi virðist á milli þess sem gert er í starfinu og því sem fram kemur í námskrá.
- Leikskólinn er mjög vel búinn leikföngum, fjölbreyttur efniviður er til staðar og öll aðstaða til fyrirmyndar.

⁹⁹ Viðtal við deildarstjóra, 17. mars 2011.

¹⁰⁰ Aðalnámskrá leikskóla 1999:11.

¹⁰¹ Námskrá Sólborgar

¹⁰² Námskrá Fiskadeildar.

¹⁰³ Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra, 17. mars 2011.

¹⁰⁴ Viðtal við deildarstjóra, 17. mars 2011.

¹⁰⁵ Aðalnámskrá leikskóla 1999:13.

¹⁰⁶ Viðtal við leiðbeinendur, 18. mars 2011.

¹⁰⁷ Aðalnámskrá leikskóla 1999:17

6. Innra mat

Hver leikskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 17. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á. Leikskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.¹⁰⁸

Í námskrá Sólborgar segir að í leikskólanum fari fram sífellt endurmat á starfsseminni og þá metið hvernig hafi gengið og hvað megi betur fara. Einnig segir að leikskólinn noti sínar eigin matsaðferðir til þess og að starfsfólk sé sífellt að endurmeta starfið á starfsmanna-, deildarstjóra- og deildarfundum og í starfsmannasamtölum. Um mat foreldra segir í námskrá að þeir komi að mati með því að koma sínum skoðunum á framfæri í daglegum samskiptum, í foreldraviðtölum og gerðar séu viðhorfskannarnir meðal foreldra.¹⁰⁹

Skólinn hefur lagt fyrir viðhorfskannanir meðal foreldra annað hvert ár síðan árið 2004. Í síðustu könnun árið 2009 var svörun um 40%. Foreldrar koma einnig að óformlegu mati í foreldraviðtölum. Mat á skólastarfinu fer fram meðal starfsfólks á starfsmannafundum og í lok hvers skólaárs þar sem svarað er opnum spurningum um innra starfið, samskipti og starfsanda. Þá fer óformlegt mat fram í starfsmannasamtölum þar sem starfsmenn svara spurningum um m.a. líðan, samskipti og starfið í leikskólanum. Ekki er spurt sérstaklega um stjórnun í viðhorfskönnunum og mati og ekki liggur fyrir sjálfsmatsskýrsla.¹¹⁰

Í aðalnámskrá leikskóla segir að leikskólakennari þurfi að gera ráð fyrir tíma til uppeldislegra athugana og skráningar á atferli barnanna, bæði þegar þau eru ein og í samspili við önnur börn.¹¹¹ Fram kom í viðtölum við deildarstjóra að skráning fer fram í tengslum við könnunaraðferðina og könnunarleikinn. Skráningin hefur þó ekki verið notuð með markvissum hætti til að fylgjast með þroska barnanna og námi. Gert er þroskamat á börnunum í tengslum við foreldraviðtöl.¹¹²

6.1. Mat úttektaraðila

- Í skólanámskrá er áætlun um innra mat sem hefur verið framfylgt. Innra mat skólans uppfyllir að nokkru viðmið laga en mikilvægt er að auka svarhlutfall meðal foreldra og kanna viðhorf bæði foreldra og starfsfólks til stjórnunar og stjórnenda. Þá þarf sjálfsmatsskýrsla að liggja fyrir.
- Skráning má vera notuð markvissar til þessa að fylgjast með þroska og námi barnanna.

¹⁰⁸ Lög um leikskóla 90/2008, 18. gr.

¹⁰⁹ Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólalastjóra, 17. mars 2011.

¹¹⁰ Viðtöl við stjórnendur og starfsmenn 16. og 17. mars 2011.

¹¹¹ Aðalnámskrá leikskóla 1999:14

¹¹² Viðtal við deildarstjóra, 17. mars 2011.

7. Mannauður

7.1 Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun

Í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla kemur fram að rekstaraðili taki ákvörðun um fjölda og samsetningu starfsmannahópsins í samráði við leikskólastjóra. Skal ákvörðunin byggjast á „mati og tillögum leikskólastjóra og miðast við aldur, þarfir og fjölda barna.“¹¹³

Í leikskólanum eru 33 fastir starfsmenn: fimm leikskólakennarar (skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og þrjár deildarstjórar), einn þroskaþjálfari og tuttugu og sex leiðbeinendur, þar af einn aðstoðarleikskólakennari auk starfsmanns í eldhúsi. Stöðugildi fastra starfsmanna er ca. 27,6. Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum að undanskildum starfsmanni í eldhúsi er um 18,5%. Til samanburðar má geta þess að hlutfall leikskólakennara á Suðurnesjum er árið 2010 32%. Í Reykjavík er hlutfallið 29%.¹¹⁴ Í heild eru tæp fjögur stöðugildi (hér er búið að draga frá tvö stöðugildi í stjórnun) í Sólborg, sem sinna starfi með börnunum. Fjöldi barna pr. stöðugildi við uppeldi og menntun, miðað við 123 börn, er því vorið 2011 4,92. Fjöldi barna pr. stöðugildi á landsvísu var árið 2009 5,2.¹¹⁵ Leikskólastjóri er í 100% stjórnunarstöðu og aðstoðarleikskólastjóri í 50% stjórnun og 50% verkefnastjórn auk þess sem hann vinnur í eldhúsi í lok dags, þar sem stöðugildi í eldhúsi var minnkað vegna niðurskurðar. Allt starfsfólk leikskólans fær undirbúningstíma til að skipuleggja starfið. Formaður fræðsluráðs taldi litla starfsmannaveltu vera einn af kostum leikskólans.¹¹⁶

7.2. Verkaskipting og starfslýsingar

Starfslýsingar eru í starfsmannahandbók og fram kom í viðtölum að verkaskipting væri skýr.

7.3. Starfsþjálfun og símenntun

Í starfsmannahandbók Sólborgar kemur fram að í starfsmannasamtalinu skuli ræða hugmyndir starfsmanns um hvernig bæta má vinnustaðinn, þjónustuna sem veitt er og árangur starfsmanns í starfi. Leikskólastjóri á starfsmannasamtöl við alla starfsmenn og gerir símenntunaráætlun leikskólans. Einnig ber hann ábyrgð á móttöku, þjálfun og leiðsögn nýrra starfsmanna.¹¹⁷ Í starfsmannahandbók leikskólans eru ítarlegar verklagsreglur fyrir móttöku og starfsþjálfun nýrra starfsmanna.¹¹⁸ Símenntun fer fram á skipulagsdögum í formi fyrirlestra í tengslum við t.d. *Uppeldi til ábyrgðar*, bruna- og slysavarnir og fulltrúar frá *Blátt áfram* hafa komið með fræðslu og einnig hefur félagsmálafulltrúi bæjarfélagsins haldið fyrirlestur á skipulagsdögum.¹¹⁹

¹¹³ Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla 655/2009, 7. gr.

¹¹⁴ Hagstofa Íslands.

¹¹⁵ Hagtíðindi 2010.

¹¹⁶ Viðtal við formann fræðslunefndar og nefndarmann. 18. mars 2011.

¹¹⁷ Starfslýsing leikskólastjóra. Heimasíða FL. <http://fl.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2269>

¹¹⁸ Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra, 17. mars 2011.

¹¹⁹ Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra, 17. mars 2011.

7.4. Fundir og boðskipti

Í viðtali við stjórnendur kom fram að til þessa hafi verið sjö starfsmannafundir (28 klst) á skólaárinu en til stæði að þeir verði sex (18 klst) á næsta ári vegna niðurskurðar. Fjórir skipulagsdagar eru áætlaðir á ári en stjórnendur ætla að fara fram á að þeir verði fimm vegna fyrirhugaðs námskeiðs í tengslum við uppeldisstefnu leikskólans, *Uppeldi til ábyrgðar*. Deildarstjórafundir eru einu sinni til tvisvar í mánuði. Deildarfundir hafa verið haldnir níu sinnum á ári.¹²⁰

Í viðtali við deildarstjóra kom fram óánægja með fyrirhugaðan niðurskurð og sögðu þeir að starfsmannafundir væru mikilvægir í tengslum við innleiðingu á *Uppeldi til ábyrgðar* og hefðu nýst vel til faglegrar umræðu.¹²¹ Leiðbeinendur lögðu líka áherslu á að starfsmannafundir væru til þess fallnir að styrkja starfið og væru mjög gagnlegir. Þeir hefðu einnig verið notaðir til deildarfunda.¹²²

7.5. Jafnrétti

Í skólanámskrá er ekki fjallað um jafnrétti en fyrir liggur jafnréttisstefna bæjarfélagsins.¹²³ Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 2008 er gert ráð fyrir að sveitarfélög skipi jafnréttisnefndir sem fjalli um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan viðkomandi sveitarfélags og hafi umsjón með gerð jafnréttisáætlunar.¹²⁴ Stjórnendur sögðu í viðtali að ekki hafi verið unnið markvisst að jafnrétti en lögð væri áhersla á það í barnahópnum að allir væru jafnir.¹²⁵ Enginn karlmaður starfar í leikskólanum.

7.6. Mat úttektaraðila

- Hlutfall leikskólakennara í Sólborg er talsvert undir því hlutfalli sem er á Suðurnesjum. Afar mikilvægt er að leitað verði leiða í samvinnu við sveitarfélagið til að auka þetta hlutfall sbr. góðan árangur í grunnskólanum þar sem allir kennarar munu haustið 2011 hafa réttindi en þar stóð sveitarfélagið myndarlega að málum.¹²⁶
- Starfslýsingar eru til fyrir flest störf og ítarleg starfsmannahandbók liggur fyrir.
- Starfsmannasamtöl fara fram árlega og hafa nýst vel í innra mati leikskólans.
- Símenntunaráætlun leikskólans liggur fyrir en skv. lögum um leikskóla skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að mótun áætlunar um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur leikskóla, sveitarfélags og skólanámskrár.¹²⁷

¹²⁰ Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra, 17. mars 2011.

¹²¹ Viðtal við deildarstjóra, 18. mars 2011.

¹²² Viðtal við leiðbeinendur, 18. mars 2011.

¹²³ Upplýsingar frá leikskólastjóra júní 2011.

¹²⁴ Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 10/2008, 12. gr.

¹²⁵ Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra, 17. mars 2011.

¹²⁶ Fundur með bæjarstjóra, formanni fræðsluráðs og skóla, íþrótta- og menningarfulltrúa 19. maí 2011.

¹²⁷ Lög um leikskóla 90/2008, 7. gr.

Endurmenntun starfsmanna er að miklu leyti í tengslum við þau þróunarverkefni sem í gangi eru og vel staðið að fræðslu allra starfsmanna í tengslum við innleiðingu *Uppeldi til ábyrgðar*, sem má telja eðlilegt. En þar sem stór hluti starfsmanna er ófaglærður þarf einnig að huga sérstaklega að fræðsluþörfum einstakra starfsmanna.

- Ekki er fjallað sérstaklega um jafnrétti í skólanámskrá. Mikilvægt er að ný skólanámskrá taki mið af jafnrétti sbr. lög um leikskóla.
- Formlegt ferli er til um móttöku og þjálfun nýrra starfsmanna en starfsmannavelta hefur verið lítil svo ekki hefur reynt á framkvæmdina.

8. Börnin

Ákvörðun um fjölda barna og skipulag skólastarfs skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðiþjónustu.¹²⁸

Í allt eru 123 börn í leikskólanum. Í töflu 1 er gerð grein fyrir dvalartíma barnanna í Sólborg. Stjórnendur sögðu að í leikskólanum væri enn tekið mið af gömlu reglugerðinni um barngildi þegar ákvörðun væri tekin um fjölda barna í leikskólanum.

Dvalartími	4 - 4,5 klst.	5 - 5,5 klst.	6 - 6,5 klst.	7 - 7,5 klst.	8 - 8,5 klst.	9-9,5 klst.	Samtals
Fjöldi barna	7	12	18	12	49	25	123

Tafla 1. Dvalartími í Sólborg.

14 börn í leikskólanum eru af erlendu bergi brotin og eiga þau rætur að rekja til Portúgals, Póllands, Danmerkur, Filippseyja, Litháen og Grænhöfðaeyja.¹²⁹

8.1 Líðan

Stjórnendur sögðust telja að börnunum líði vel.¹³⁰ Í viðtali við börnin kom fram að þeim þótti skemmtilegt í leikskólanum og tengdist það aðallega þátttöku þeirra í könnunaraðferðinni sem þau virtust almennt mjög ánægð með. Þeim fannst einnig skemmtilegt í valinu og skemmtilegast sögðu þau að væri í tónlist og í ævintýratímunum. Í skólanum fannst þeim skemmtilegast að klappa frosknum og leika á hólnum í frímínútum.¹³¹ Í leikskólanum er eineltisstefna og viðbragðsáætlun¹³² en líðan barnanna hefur ekki verið könnuð sérstaklega. Í

¹²⁸ Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655 /2009. 6. gr.

¹²⁹ Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra, 17. mars 2011.

¹³⁰ Viðtöl við leik- og aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra, 17. mars 2011.

¹³¹ Viðtal við börn á Sólborg, 18. mars 2011.

¹³² Eineltisstefna og viðbragðsáætlun.

foreldrakönnun 2009 kemur fram að um 86% foreldra telja að vel sé hugsað um barnið í leikskólanum.¹³³

8.2 Lýðræði

Í tengslum við könnunaraðferðina hafa börnin áhrif á það sem unnið er með í tengslum við aðferðina. Þau sögðu einnig frá því að þau hefðu ráðið nöfnunum á hópnum sínum og í einum hópnum vildu sumir kalla hópinn hundahóp en einhverjir kalla hann ormahóp og þá var ákveðið að kalla hópinn hundaormahóp. Börnin sögðust einnig ráða hvenær þau fengju að skipta í vali.¹³⁴ Stjórnendur sögðu að börnin hefðu óbein áhrif á starfið¹³⁵ og deildarstjórar töldu að þau fengju að ráða innan rammans.¹³⁶

8.3 Mat úttektaraðila

- Börnin voru glöð og sérstaka athygli vakti hve ánægð þau voru með það sem þau gerðu í tengslum við könnunaraðferðina sem virðist, m.a. í vali viðfangsefnanna, ýta undir lýðræðislega þátttöku þeirra í skólastarfinu.
- Ekki hafa verið gerðar kannanir á líðan barnanna en æskilegt að svo verði t.d. í tengslum við *Uppeldi til ábyrgðar*.

9. Foreldrar

Foreldrar leikskólabarna skulu gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náíð samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna.¹³⁷

Í námskrá Sólborgar koma fram markmið foreldrasamstarfsins:

- *Að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans.*
- *Að foreldrar finni að þeir séu ávallt velkomnir í leikskólann.*
- *Að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans.*
- *Að veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum.*
- *Að rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna.*
- *Að skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna.*¹³⁸

9.1 Foreldraráð

Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið...Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með

¹³³ Foreldrakönnun 2009.

¹³⁴ Viðtal við börn á Sólborg, 18. mars 2011.

¹³⁵ Viðtal við, 17. mars 2011.

¹³⁶ Viðtal við deildarstjóra, 17. mars 2011.

¹³⁷ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 12. gr.

¹³⁸ Námskrá Sólborgar: 25

framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi ¹³⁹

Foreldraráð er starfandi við leikskólann en ráðið er um leið stjórn foreldrafélagsins.¹⁴⁰ Í því sitja þrjár konur. Til samanburðar má geta þess að hlutfall kynja í foreldraráðum íslenskra leikskóla er 80,1% konur og 19,9% karlar.¹⁴¹ Foreldraráðið hefur fram að þessu ekki fylgst með framkvæmd skólanámskrár eða annarra áætlana en að sögn stjórnenda stendur það til bóta.¹⁴²

9.2 Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi fyrir alla foreldra/forráðamenn barna í leikskólanum. Þar sitja tveir foreldrar af hverri deild ásamt einum fulltrúa frá leikskólanum. Aðalfundur er haldinn að hausti þar sem starfsemi foreldrafélagsins er kynnt. Á heimasíðu leikskólans segir að félagið sé nauðsynleg viðbót við leikskólann til að börn og foreldrar geti hist utan leikskólans og foreldrafélagið boðið börnunum upp á tilbreytingu í leikskólastarfinu. Foreldrafélagið hefur m.a. staði fyrir leiksýningum, jólaballi og fjölskylduhátíð á lóð leikskólans.¹⁴³

9.3 Lýðræði og þátttaka

Fram kom í viðtali við starfsmenn og foreldra að erfitt væri að fá foreldra til að taka þátt í skólastarfinu. Þegar rætt var við fulltrúa foreldra um *Uppeldi til ábyrðar* nefndu þeir að fræðsla væri fyrir foreldra um stefnuna í grunnskólanum. Þegar þeir voru spurðir hvort þeir vildu sambærilega fræðslu í leikskólanum höfðu þeir ekki trú á því að það myndi gagnast. Spurt var hvort þeir hefðu skýringu á því hvers vegna þátttaka foreldra væri lítil en var fát um svör nema að þetta hefði alltaf verið svona.¹⁴⁴ Í viðhorfskönnun meðal foreldra árið 2009 er spurt í opinni spurningu hvernig foreldrar sjái aðkomu foreldra að leikskólastarfinu. Aðeins fáir foreldrar svöruðu og í svörum þeirra koma fram ólík sjónarmið. Sumir segja aðkomu foreldra mjög góða en aðrir segja hana ekki mikla. Sumir segja leikskólastarfið hvetja þá til þátttöku meðan aðrir segja að foreldra mætti virkja betur.¹⁴⁵

9.4 Samskipti heimilis og leikskólans

Haldnir eru fundir fyrir foreldra að hausti til að kynna fyrir þeim vetrarstarfið. Í námskrá segir að foreldrar séu ávallt velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfinu og að vera með í leik og starfi. Foreldrum er sérstaklega boðið í foreldrakaffi í tengslum við jóalundirbúning. Foreldraviðtöl eru einu sinni á ári og oftast ef þurfa þykir. Í foreldraviðtölum fá foreldrar upplýsingar um stöðu og líðan barna sinna og þeim gefst kostur á að spyrja og veita

¹³⁹ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 11. gr.

¹⁴⁰ Foreldraráð. Heimasíða Sólborgar.

¹⁴¹ Könnun meðal leikskólastjóra á innleiðingu og framkvæmd laga um leikskóla. Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

¹⁴² Upplýsingar frá leikskólastjóra júní 2011.

¹⁴³ Námskrá Sólborgar 2010.

¹⁴⁴ Rýnihópur foreldra 17. mars 2011.

¹⁴⁵ Foreldra

upplýsingar um barnið.¹⁴⁶ Fram kom í viðtali við foreldra að þeir vildu hafa foreldraviðtöl tvisvar sinnum á ári og þegar börnin væru flutt á milli deilda. Foreldrar voru spurðir hvort stjórnendur hvettu til foreldrasamstarf og kom fram að það væri gert en jafnframt kom fram í sama viðtali að ekki væri alltaf hlustað á foreldra. Nefnt var í foreldraviðtali að upplýsingaflæði á milli skólans og heimilis mætti vera betra. Nú kæmu flestar upplýsingar til foreldra rafrænt en fram kom að hvorki væru allir foreldrar í sveitarfélaginu vel tölvulæsir né væru tölvur á öllum heimilum. Þó voru skiptar skoðanir um þennan þátt því einnig kom fram að upplýsingaflæðið væri gott sem staðfestist í viðhorfskönnun foreldra árið 2009.¹⁴⁷

9.5 Mat úttektaraðila

- Markmið leikskólans með foreldrasamstarfi eru skýr en stuðla þarf að því að efla foreldrasamstarfið enn frekar til að auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans. T.d. mætti fjölga foreldraviðtölum í tvö á ári til að koma til móts við óskir foreldra og um leið auka áhrif þeirra á uppeldi og menntun barna sinna. Einnig þarf að spyrja með markvissari hætti í foreldrakönnun um aðkomu foreldra að skólastarfinu.
- Úttektaraðilar telja að tryggja þurfi að upplýsingaflæði á milli heimilis og leikskóla sé með þeim hætti að það komi til móts við þarfir og óskir allra foreldra. Velta má fyrir sér í ljósi tölvulæsis í foreldrahópnum hvort ekki þurfi að huga að fjölbreyttari miðlun upplýsinga.
- Æskilegt væri að sérstök foreldrahandbók væri til í leikskólanum.

10. Sérkennsla barna og sérfræðipjónusta sveitarfélagsins

Leikskólinn á að taka tillit til þarfa hvers einstaks barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum.¹⁴⁸

Á vegum sveitarfélaga skal rekin sérfræðipjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðipjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Leikskólastjóri skal samræma innan hvers leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna skv. 21. gr. Jafnframt skal hafa samráð við félagspjónustu sveitarfélaga vegna málefna einstakra barna eftir því sem þurfa þykir.¹⁴⁹

Sandgerðisbær kaupir sérfræðipjónustu af Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Í því felst sálfræðiráðgjöf, talmeinaþjónusta, sérkennsluráðgjöf og almenn kennsluráðgjöf.¹⁵⁰ Í þjónustusamningnum er kveðið á um fasta viðveru sérfræðinga og ráðgjöf til foreldra í agamálum. Samningurinn byggir á beiðnum sem berast frá skólunum og eru þær settar í

¹⁴⁶ Námskrá Sólborgar 2010.

¹⁴⁷ Rýnihópur foreldra 17. mars 2011. Viðhorfskönnun foreldra 2009.

¹⁴⁸ Aðalnámskrá leikskóla 1999:15.

¹⁴⁹ Lög um leikskóla 90/2008, 21. og 22. gr.

¹⁵⁰ Viðtal við bæjarstjóra, formanna fræðsluráðs og skóla-, íþrótt- og menningarfulltrúa 19. maí 2011.

ákveðið ferli eftir mikilvægi.¹⁵¹ Eftirfylgni í framhaldi af greiningu fer í gegnum fræðsluskrifstofu. Stjórnendur leikskólans sögðust ánægðir með fyrirkomulagið en það taki oft of langan tíma að fá greiningu og töldu þeir að stundum væri beðið væri með hana þar til börnin hæfu grunnskólagöngu.¹⁵²

Sérkennslufulltrúi starfar á fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar og er hann yfirmaður sérkennslunnar og hefur umsjón með eftirfylgni og frumgreiningu. Stuðningsfulltrúar starfa í leikskólanum og sjá þeir um kennslu fyrir börn með sérþarfir. Þau börn sem þurfa á sérkennslu að halda fá kennslu við hæfi bæði í einstaklingstímum og hópatímum eftir þörfum.¹⁵³ Að sögn stjórnenda hafa nýlega orðið breytingar á fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar vegna niðurskurðar og er leikskólafulltrúinn hættur þar en sérkennslufulltrúinn hefur tekið við hluta af hans skyldum. Stjórnendur nefndu líka að gott samstarf væri við félagsmálastofnun Sandgerðisbæjar.¹⁵⁴

10.1. Samstarf við heilsugæslu og sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins

Heilsugæsla fyrir Sandgerðisbæ er í Reykjanesbæ og er að sögn stjórnenda gott samstarf við heilsugæsluna. Þar fer fram þroskamat á börnunum og lætur heilsugæslan vita ef fram kemur frávik í þroska barnanna.¹⁵⁵ Formaður fræðsluráðs greindi frá því að félagsþjónustan í sveitarfélaginu færi fram í samstarfi við nágrannasveitarfélögin Garð og Voga og sagði að það samstarf gengi vel.¹⁵⁶

10.2. Mat úttektaraðila

- Skólinn sækir fjölbreytta sérfræðiþjónustu til Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar og hefur verið almenn ánægja með hana.
- Svo virðist sem langan tíma taki að fá greiningar fyrir nemendur hjá Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Að mati úttektaraðila, þá þarf að vera skýrt í þjónustusamningi Sandgerðisbæjar við fræðsluskrifstofuna hversu langan tíma skuli taka að fá greiningar, en Sandgerðisbær greiðir fyrir þessa þjónustu.
- Nokkuð vel er staðið að stuðningi við börn með sérþarfir á leikskólanum sbr. aðalnámskrá en stuðningsfulltrúi hefur umsjón með starfinu í samstarfi við sérkennara og sérfræðinga og stofnanir utan skólans.

¹⁵¹ Viðtal við framkvæmdastjóra Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar, 26. maí 2011.

¹⁵² Viðtal við deildarstjóra, 18. mars 2011.

¹⁵³ Námskrá Sólborgar.

¹⁵⁴ Viðtal við leik- og aðstoðarleikskólastjóra, 17. mars 2011.

¹⁵⁵ Viðtal við deildarstjóra, 18. mars 2011.

¹⁵⁶ Viðtal við formann fræðsluráðs og einn nefndarmann, 18. mars 2011.

11. Mat og eftirlit sveitarfélagsins

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahlads, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.¹⁵⁷

Sveitarfélagið sinnir að litlu leyti mati og eftirliti með gæðum skólastarfsins. Ekki liggur fyrir stefna sveitarfélagsins í ytra mati. Engar kannanir á leikskólanum eru á vegum sveitarfélagsins og þarf að mati fulltrúa sveitarfélagsins, sem rætt var við, að bæta úr því.¹⁵⁸ Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar gerir ekki ytra mat á skólanum, en aðstoðar við greiningar og tekur saman rekstrarþætti úr vinnuskýrslum og starfsmannahaldi, ber saman við aðra skóla, og sendir á bæjarstjórn Sandgerðis.¹⁵⁹ Leikskólastjóri skilar fjárhagsáætlun, ársskýrslu, skólanámskrá og starfsáætlun til fræðsluráðs en ekki sjálfsmatsskýrslu. Fulltrúar sveitarstjórnar sögðu að skólinn hafi ávallt staðist áætlanir.¹⁶⁰

Eini starfsmaður sveitarfélagsins, sem hefur menntamál á sinni könnu, er skóla- ípróttá- og menningarfulltrúi. Að sögn hans hefur hann komið sem stuðningsaðili að ýmsum málum og verið bakhjarl við skólastjórnendur og stuðningur við foreldra. Eftir að hætt var að greiða fyrir setu foreldra í fræðsluráði virðist sem dregið hafa úr áhuga foreldra á setu þar.¹⁶¹

11.1 Mat úttektaraðila

- Sveitarfélagið hefur verið með óverulegt mat á skólastarfinu. Mikilvægt er að matið verði víðtækara sbr. lög um leikskóla.
- Úttektaraðilar telja mikilvægt, miðað við hversu erfitt hefur gengið að fá foreldra til samstarfs við skólann, að greitt verði fyrir setu foreldra í fræðsluráði.
- Auka þarf þekkingu fræðsluráðs á hlutverki ráðsins og menntamálum almennt.

¹⁵⁷ Lög um leikskóla 90/20098, 19. gr.

¹⁵⁸ Viðtal við formann fræðsluráðs, bæjarstjóra og skóla- ípróttá og menningarfulltrúa, 19. maí 2011.

¹⁵⁹ Viðtal við framkvæmdastjóra Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar, 26. maí 2011.

¹⁶⁰ Viðtal við formann fræðsluráðs, bæjarstjóra og skóla- ípróttá og menningarfulltrúa, 19. maí 2011.

¹⁶¹ Viðtal við formann fræðsluráðs, bæjarstjóra og skóla- ípróttá og menningarfulltrúa, 19. maí 2011.

12. Niðurstöður höfunda

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum á úttekt á leikskólanum Sólborg í Sandgerði. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar og aðalnámskrá leikskóla. Aflað var upplýsinga með heimsóknnum í leikskólann, viðtölum við stjórnendur og starfsmenn, í hópi foreldra og rýnihópi barna, á fundum með fulltrúum sveitarfélagsins og framkvæmdastjóra fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar.

12.1. Styrkleikar og veikleikar, ógnanir og tækifæri

Í rýnihópum og viðtölum voru stjórnendur, starfsmenn, foreldrar og fulltrúar sveitarfélagsins spurðir út í styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri leikskólans Sólborgar. Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður úr viðtölum við þessa aðila ásamt niðurstöðum úttektaraðila.

Styrkleikar	Veikleikar	Ógnanir	Tækifæri
Sterkir faglegir leiðtogar Góð samvinna og skýr verkaskipting milli stjórnenda og á milli starfsmanna	Mjög lágt hlutfall leikskólakennara	Fjárhagslegur niðurskurður	Samvinna í sveitarfélaginu um <i>Uppeldi til ábyrgðar</i> og frekari þróun verkefnisins
Skýr stefna og unnið að mestu skv. skólanámskrá	Samstarf foreldra og skólans hefur fram að þessu reynst örðugt og skilningur foreldra á mikilvægi samstarfsins fyrir þroska barnsins virðist ekki nægilegur í samfélaginu	Atvinnuástand í sveitarfélaginu og atvinnuleysi foreldra	Áframhaldandi samstarf við grunnskólann
Góður starfsandi og lítil starfsmannavelta	Innra mat má bæta með enn markvissari könnunum/mati. Ytra mati og stuðningi og eftirliti sveitarfélags er ábótavant	Smæð samfélagsins, erfitt að halda trúnað	Könnunaraðferðin
Faglegt samstarf við grunnskólann og tónlistarskólans	Samstarf á milli deilda ekki nægilegt		Sveitarfélagið leiti leiða m.a. með samstarfi við menntastofnanir, s.s. Keili, til að fjölga leikskólakennurum
Útfærsla könnunaraðferðar	Greiningar nemenda með sérþarfir taka of langan tíma		Ný aðalnámskrá grunnskóla og gerð nýrrar skólastefnu sveitarfélagsins
Rúmgott og vel búið húsnæði			Virkara fræðsluráð og aukinn stuðningur og eftirlit sveitarfélagsins
Foreldrar almennt ánægðir með leikskólann			
Allir starfsmenn hafa undirbúningstíma			
Umhverfi leikskólans			
Sveitarfélagið hefur markað sér <i>Uppeldi til ábyrgðar</i> sem stefnu sveitarfélagsins í öllu starfi með börnum og ungmennum			

12.2. Tillögur til úrbóta

1. Leitað verði allra leiða til að fjölga leikskólakennurum í Sólborg. Mikilvægt er sveitarfélagið styðji vel við þá viðleitni m.a. með samstarfi við menntastofnanir og stuðningi við þá sem vilja stunda nám með starfi.
2. Mikilvægt er að skólinn, foreldrafélagið og sveitarfélagið haldi áfram aðgerðum í þá veru að bæta samstarf heimilis og leikskóla og auka ábyrgð og þátttöku foreldra í uppeldi og menntun barna sinna.
3. Skólanámskrá Sólborgar verði endurskoðuð út frá nýjum lögum um leikskóla og nýrri aðalnámskrá. Mikilvægt er að ný skólanámskrá taki mið af jafnrétti sbr. lög um leikskóla.
4. Auka þarf enn frekar samstarf á milli deilda í leikskólanum.
5. Sjá þarf til þess að greiningar nemenda með sérþarfir taki ekki of langan tíma.
6. Í innra mati þarf að tryggja að kannanir, sem gerðar eru meðal starfsmanna og foreldra, taki á öllum þáttum leikskólastarfsins og líðan barna verði metin. Sjálfsmatsskýrsla þarf að liggja fyrir.
7. Auka þarf mat, eftirlit og stuðning sveitarfélagsins við skólastjórnendur og ljúka við skólastefnu Sandgerðisbæjar.
8. Efla þarf fræðsluráð enn frekar með fræðslu og aðhaldi sveitarfélagsins og skoða hvort rétt hafi verið að hætta með greiðslur til foreldra í fræðsluráði.

13. Heimildaskrá

1. Aðalnámskrá leikskóla, 1999. Reykjavík, menntamálaráðuneytið.
2. Ársáætlun Sólborgar 2010 - 2011. Sólborg.
3. Ársskýrsla 2009 – 2010. Sólborg.
4. Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja 19. nóvember 2009.
5. Eftirlitsskýrslur Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja 30. ágúst 2010 og 25. nóvember 2010.
6. Eineltisstefna og viðbragðsáætlun. Sólborg.
7. Foreldrakönnun 2009. Sólborg.
8. Hagtíðindi 2010. Skólamál. Sótt 25.maí 2011 af <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=11121>
9. Heimsíða Hagstofu Íslands. Sótt 25.maí 2011 af <http://hagstofa.is/Hagtolur/Skolamal/Leikskolar>
10. Heimasíða leikskólans Sólborgar. <http://www.leikskolinn.is/solborg/>
11. Lög um leikskóla nr. 90/2008.
12. Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 10/2008.
13. Mat á starfinu eftir veturinn 2009 – 2010. Sólborg.
14. Námskrá Sólborgar
15. Námskrár Fiskadeildar. Sólborg.
16. Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla 655/2009.

Fylgiskjal 1

Markmið Sólborgar¹⁶²

Sólborg hefur sett sér **markmið** sem eru:

- ✚ Að veita börnum hlýju, umhyggju og öryggi. Að umönnun sé fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju og ábyrgðakennd. Með hegðunarkennslu sem er byggð á aga og kærleika stuðlum við að því að börnin nái að auka þroska sinn í sátt við umhverfi og félag.
- ✚ Að efla gleði barnanna í leik og starfi.
- ✚ Að efla sjálfstæði/sjálfsmynd einstaklingsins og stuðla að því að hver og einn fái að njóta sín sem best í barnahópnum. Að börnin njóti sín sem einstaklingar, jafnframt læra þau að vinna saman, eignast vini og öðlast heilbrigða samkennd.
- ✚ Að börnin fái tækifæri til að öðlast eðlilegan málþroska, sem er grunnur að námi og samskiptum við aðra. Við leggjum því áherslu á málörvun í öllu okkar starfi. Með tjáningu eflist málþroski og kjarkur barnsins til að tjá sig í hóp.
- ✚ Að börnin taki þátt í leik og skapandi starfi í máli, myndum, tónum og hreyfingu.
- ✚ Að efla þekkingu barnanna á umhverfinu og kenna þeim að umgangast það. Vekja áhuga þeirra á umhverfinu með því að kenna þeim að njóta, skoða, rannsaka og ganga vel um leikumhverfi, leikföng, efni og náttúru landsins.
- ✚ Að stuðla að góðri samvinnu foreldra og starfsfólks. Að samskipti starfsfólks og foreldra einkennist af gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum. Samvinna er forsenda fyrir árangursríkri dvöl og góðri líðan barnsins.

¹⁶² Námskrá. Sólborg

Fylgiskjal 2

Dagskipulag leikskólans

07:45	Sólborg opnar
07:45 - 08:00	Rólegir leikir
08:00 – 09:00	Morgunmatur / leikur á valsvæðum
09:00 – 10:30	Vinnustundir/tónlist
10:30 – 11:30	Val-leikur inni/úti
11:30 - 12:00	Útivera
12:00 – 12:30	Hádegismatur
12:30 - 13:00	Hvíld
13:00 - 14:30.....	Val-leikur inni/úti
14:30 – 15:30	Nónhressing
15:30– 16:00.....	Samverustund
16:00 – 16:30	Leikur á valsvæðum
16:30 – 17:00	Skil og leikskóli lokar ¹⁶³

Fylgiskjal 3

Fjöldi starfsmanna Sólborgar og starfshlutfall

Fjöldi	Starfshlutfall
15	100%
3	93.8%
1	87.5%
1	81.3%
1	71,9%
4	75%
1	68.8%
1	63.8%
2	62.5%
1	56.3%
1	50%
2	50-100%
33	

¹⁶³ Námskrá Sólborgar.

